



Kópavogi, 13. nóvember 2024
2408984/202.00 RH

Efni: Svar við tillögu Tryggva Felixsonar sem lögð var fram í Menntaráði 20. ágúst 2024.

Samantekt og samanburður á reglum sem gilda um notkun snjallsíma og spjaldtölva í grunnskólum Kópavogs. Rætt var við skólastjóra og þeir spurðir út í fyrirkomulag skólans um símanotkun nemenda og reglur sem gilda um hana.

Samantekt þessarar greiningar er eftirfarandi:

- Almennt er símanotkun ekki leyfð og þurfa nemendur að hafa síma í tösku á hljóðri stillingu.
- Margir skólar hafa komið sér upp símavösum/símahótelum þar sem nemendur geyma símana sína á skólatíma.
- Í 1.- 7. bekk eru nemendur almennt ekki að nota símana sína á skólatíma og símanotkun því almennt ekki að hafa áhrif á skólastarf. Notkun síma í skólastarfi eykst umtalsvert á unglingastigi. Það hefur þó ekki teljandi áhrif eða truflun meðan á námi og kennslu stendur, heldur er notkunin fyrst og fremst bundin við útivist og utan kennslutíma.
- Þeir kennarar sem setja nemendum skýr mörk gengur almennt vel að fylgja símareglunum eftir og lágmarka notkun þeirra í kennslustund.
- Mötuneyti/matsalur er í flestum tilvikum símalaus staður.
- Bekkjarsáttmálar sem innihalda samkomulag um tækninotkun eru gerðir í öllum skólunum, mest þó á miðstigi og síður á unglingastigi skólanna. Bekkjarsáttmálar eru hafðir sýnilegir í sumum skólanna þrátt fyrir að ráðgjöf um að hafa þá sýnilega. Misjafnt er eftir skólum hvort gengið er á eftir því að bekkjarsáttmálar séu gerðir. Í langflestum tilvikum gera umsjónarkennarar nemenda bekkjarsáttmála með nemendum sínum, en dæmi eru einnig um stofusáttmála í list- og verkgreinastofum. Bekkjarsáttmálar eru á gátlista sem eitt af verkefnum haustsins í meirihluta skólanna.
- Í skólaferðalögum sjá viðtökustaðir um að setja símareglurnar. Símar hafa verið leyfðir í styttri vettvangsferðum hjá eldri nemendum og hefur það ekki skapað vandamál.



- Skólastjórnendur telja símanotkun almennt ekki vera vandamál í skólastarfinu. Yfirleitt er um ákveðinn hóp nemenda að ræða í hverjum skóla sem fara gegn reglum um símanotkun. Unnið er sérstaklega með þessum nemendum.

Það staðfestist að ósk um samræmingu á reglum um síma í skólastarfi hafa borist grunnskóladeild frá Barnapingi 2024. Sú ósk nemenda kemur einnig heim og saman við ósk Samkóps – samtaka foreldra í Kópavogi. Réttindaráð í einum réttindagrunsskóla Unicef í bæjarfélaginu hefur jafnframt komið á framfæri að þau eru mótfallin símabanni og rökstyðja það með því að síminn geymi ýmis persónuleg gögn og upplýsingar sem þau nota í daglegu lífi, eins og strætókort og greiðslukort fyrir kaup á nesti/mat.

Eins og fram hefur komið í áður framlögðum gögnum úr Skólavoginni er símanotkun nemenda í grunnskólum Kópavogs á skólatíma sambærileg eða minni en á landinu öllu. Jafnframt hefur komið fram að næstum öll börn (98%) í 4. – 10. bekk grunnskólum landsins eiga persónulegan farsíma.

Athyglisverð rannsókn Common Sense for Education (2023) á símanotkun 11 – 17 ára barna sem gerð var í Bandaríkjunum þar sem notkun síma klukkustund fyrir klukkustund yfir sólarhringinn var skoðuð. Kemur þar greinilega í ljós að notkunin er mest hjá nemendum eftir skólatíma og fram að miðnætti og jafnvel lengur. Niðurstaðan þar sýnir að símarnir eru þar með ávallt tiltækir meðan á heimanámi stendur og á tíma þar sem draga ætti úr notkun fyrir svefn. Heimildir grunnskóladeildar herma að væntanlegar séu niðurstöður úr sambærilegri íslenskri rannsókn á næstu misserum sem vísbending er um að muni sýna svipaðar niðurstöður.

Nokkrar rannsóknir benda til að tengsl virðast vera á milli svefns, líðan og samfélagsmiðlanotkunar nemenda. Ein þeirra er rannsóknin Ungt fólk 2023 sem sýnir að nemendur í Kópavogi verja talverðum tíma á samfélagsmiðlum og í tölvuleikjum bæði á miðstigi og unglingastigi. Samfélagsmiðlanotkunin er svipuð þegar horft er til drengja og stúlkna. Drengir eru hins vegar áberandi meira í tölvuleikjum en stúlkur og er munurinn um 25%.

Um allan heim er verið að rannsaka netsamskipti og geðheilsu. Óttar G. Birgisson Háskóla Íslands er einn þeirra. Hann hefur m.a. skrifað grein sem ber heitið [“Á að banna Tik Tok?”](#) Í niðurlagi greinarinnar segir: *“Þannig, með betri rannsóknum, fræðslu og meðvitaðri notkun getum við stuðlað að öryggi og heilsu notenda án þess að þurfa að grípa til banns.”*

Kennsluráðgjafar í upplýsingatækni eru í hverjum skóla og eru þeir hluti af stjórnendateymi viðkomandi skóla. Þeir gegna því hlutverki, ásamt fleiru, er að vera leiðtogar kennara í fræðslu og notkun á tæknilegum búnaði.



Kennsluráðgjafarnir fá stuðning grunnskóla- og upplýsingatæknideildar þegar kemur að ákvörðunum um val á kennsluhugbúnaði og fræðslu til kennara og foreldra.

Þegar spjaldtölvur eru afhentar nemendur í 5. bekk sem nemendur fá að fara með heim fer fram fræðsla til foreldra um stillingar í spjaldtölvunni. Þeim er einnig bent á að virða beri aldurstakmarkanir á þeim hugbúnaði sem nemendur hafi aðgang að. Mikil vinna er lögð í að greina og meta allan kennsluhugbúnað með tilliti til öryggis og áhrifa á persónuvernd.

Hvað varðar stafræna tækni í skólastarfi í Kópavogi er rétt að taka fram að spjaldtölvur nemenda eru aðgangsstýrðar samkvæmt öryggisstefnu sveitarfélagsins og lokað er fyrir forritabúðir (App Store) sem þýðir að nemendur geta ekki sjálfir náð sér í hugbúnað. Aldurstakmörk eru virt þegar kemur að dreifingu kennsluhugbúnaðar í spjaldtölvur nemenda. Þessar ráðstafanir eru ekki gerðar að ástæðulausu og má segja að sambærileg vinna þyrfti að fara fram á hverju heimili þegar kemur að því að afhenda börnum og ungmennum tæknibúnað til eigin nota. Þarna getur skólinn stutt við foreldra með fræðslu og leiðbeiningum og hafa ýmis hjálpargögn verið útbúin nú þegar.

Auk leiðbeininga og fræðslu á vef [upplýsingatækni í skólastarfi Kópavogsbæjar](#) má nefna [Virknikort](#) sem hannað er til að leiðbeina foreldrum og nemendum í samræðum um jafnvægi í stafrænni notkun og vellíðan. Virknikortið er hægt að nálgast í [stafrænu formi](#). Í leiðbeiningum með kortinu eru tenglar á hagnýtt efni Heilsuveru.

Fræðsla er mikilvæg bæði fyrir heimilin og nemendur í þessu sambandi. Það er ein megin ástæða þess að Grunnskóladeild Menntasviðs er að vinna að þróunarverkefni um stafræna borgaravitund í samstarfi við alla grunnskóla bæjarins, Miðstöð menntunar og skólabjónustu og fleiri aðila. Um er að ræða forvarnir um örugga netnotkun og aukna vitund um þá stafrænu tilveru sem við búum við í dag er gríðarlega mikilvæg

Námsefnið byggir á sex meginstöðum og er þess vænst að það styðji við skólasamfélagið í að fóta sig í stafrænum heimi. Námsefnið er núna á [bráðabirgðavef](#) en mun fljótlega opna á léninu [vitundin.is](#) Námsefnið er allt á íslensku og þess er gætt að það nái til allra sex þátta stafrænnar borgaravitundar eins og þróunarverkefnið leggur upp með. Að auki inniheldur námsefnið fræðslu í gervigreind og mun áfram verða þróað m.a. með tilliti til neytendavitundar og félagslegra þátta og snúa að grunnþáttum aðalnámskrár leik- og grunnskóla. Kennsluleiðbeiningar og efni fyrir heimilin ásamt



ábendingum til kennara um að tengja viðfangsefnið hverju sinni við heimilin er mikilvægur þáttur þegar kemur að því að styðja við allt skólasamfélagið í að aðlagast breyttu samfélagi.

Ljóst er að til að hafa áhrif með jákvæðum aga tengdri snjalltækjanotkun í skólastarfinu í ljósi mikillar farsímaeignar grunnskólabarna, vísbendinga um áhrif samfélagsmiðlanotkunar á daglegt líf og líðan barna, hefur verið lagt til að allt skólasamfélag sveitarfélagsins taki þátt í verkefninu **Sáttmáli um símanotkun í grunnskólum Kópavogsbæjar** og um leið fallið frá tilraunaverkefni tveggja skóla sem áætlað var að fara í. Í verkefninu verður lögð áhersla á að leita jafnvægis í stafrænni notkun og meðvitund eflað um áhrif á líðan nemenda. Skólasamfélagið taki þátt í lýðræðislegri ákvarðanatöku, hafi áhrif til jákvæðrar þróunar, taki þátt í forvörnum og eigi hlutdeild í sameiginlegum sáttmála. Þannig fái skólasamfélagið tækifæri til að leggja sitt af mörkum í að ná ásættanlegu samkomulagi og minnka um leið áhrif notkunarinnar á daglegt líf barna heima og í skóla.

Virðingarfyllst,

Bergþóra Þórhallsdóttir
Jakobsson
verkefnastjóri á grunnskóladeild
grunnskóladeildar

Ágúst Frímann
deildastjóri

Ragnheiður Hermannsdóttir
deildastjóri grunnskóladeildar